



Áhrif fjarvinnu á vegakerfið – rannsókn styrkt af rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar

Sæunn Gísladóttir

Sérfræðingur hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA)

Covid gjörbylti fjarvinnu!

Vinumarkaður á fyrsta ársfjórðungi 2020 - Mun fleiri vinna heima í fjarvinnu

39% voru í fjarvinnu heima

Fjarvinna eykst

Fjarvinna og allir farnir af veitingastöðum kl. 22

Covid, fjarvinna og búferlaflutningar

En hvað svo?...



...varð breyting til lengri tíma?

...sem gæti haft áhrif á vegakerfið?

Hvað með þá sem keyrðu lengst?

- Íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins sem sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins
 - Gríðarleg fólksfjölgun hefur orðið á svæðinu frá aldamótum:
 - **80,7%** á Suðurnesjum
 - **90,4%** í Árborg
 - **69,5%** í Hveragerðisbæ
 - **46,8%** á Akranesi
- Íbúa nærsveita Akureyrar sem sækja vinnu til Akureyrar
 - Fjölgun frá aldamótum:
 - **31,7%** í Svalbarðsstrandarhreppi
 - **21,4%** í Hörgársveit
 - **16,1%** í Eyjafjarðarsveit

Framkvæmd

- Könnun sett í loftið í vor (á íslensku og ensku)
 - Auglýst á Facebook og vefsíðum sveitarfélaga. Fréttir voru um hana í staðamiðlum svo sem Vikublaðinu, Kaffinu og Héðinsfirði
- **271** svar barst
 - Hentugleikaúrtak
 - Af þeim var **201** svar frá þeim sem skilgreindu sig annars vegar sem íbúa á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins sem sóttu vinnu á höfuðborgarsvæðið, og hins vegar sem íbúa nærsveita Akureyrar sem sóttu vinnu til Akureyrar og því voru einungis þau svör notuð
- Tilgangur: Bæta stöðu þekkingar um áhrif fjarvinnu á ferðamynstur og þar af leiðandi á vegakerfið

Vinnur þú í öðru bæjarfélagi en þú býrð í? (English below)

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) leitar eftir þátttakendum í rannsókn. Þátttakendur þurfa annað hvort að búa í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins og sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið eða vera íbúar í nærsveitum Akureyrar sem sækja vinnu þangað.

Rannsóknin snýst um fjarvinnu og mögulegar breytingar þar á í kjölfar Covid og áhrif þess á vegakerfið, rannsóknin er styrkt af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar...
Sjá meira



RANNSAKA ÁHRIF FJARVINNU Á VEGAKERFIÐ

27. maí, 2023 - 10:26

Egill Páll Egilsson - egillpall@vikubladid.is

Like 61



Helstu niðurstöður

- **31%** íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins sem sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið og **23%** íbúa nærsveita Akureyrar sem sækja vinnu til Akureyrar segja að breyting hafi orðið á vinnusókn sinni í kjölfar Covid-19 faraldursins
- Mesta breyting á Suðurlandi, **39%** þátttakenda þaðan sögðu mun á vinnusókn sinni eftir Covid
- **69%** íbúa Suðurlands sem sóttu vinnu til höfuðborgarsvæðisins fyrir Covid gerðu það 5 sinnum í viku eða oftar en nú gera **35%** það. Flestir keyra fjóra daga í viku




Er Suðurland sérstakt tilfelli?

Veður

Aðstæður erfiðar þegar tugir bíla festust á Hellsheiði

Á sjötta tug björgunarsveitarmanna voru kallaðir út í morgun vegna bíla sem sátu fastir á Hellsheiði í aftakaveðri. Vetrarfærð er á landinu.

Andri Yrkill Valsson
12. október 2023 kl. 12:32



00:00 00:5

▶ 18 15 🔊 🔍 ⚙️

Hellsheiðin er lokuð og víða hálka




Helstu niðurstöður



- **Kynjamunur - 65%** kvenna sem sóttu vinnu utan heimabyggðar gerðu það 5 sinnum í viku eða oftar fyrir Covid en aðeins **45%** eftir Covid. Breytingin er þó einungis **4%** hjá körlum, úr **75%** í **71%**
- Fyrir Covid sóttu **67%** háskólamenntaðra vinnu utan heimabyggðar 5 sinnum í viku í samanburði við **75%** þátttakenda með grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun. Eftir Covid hefur bilið breikkað í **50%** og **70%**
- **63%** þeirra sem sækja vinnu utan heimabyggðar segjast hafa einhvern möguleika á að vinna sína vinnu heima/ í heimabyggð
- Algjör viðsnúningur er á hlutfalli þeirra sem segjast hafa möguleika á heimavinnu í dag í samanburði við ástandið fyrir Covid

Helstu niðurstöður



- Aðeins **1%** þátttakenda notar almenningssamgöngur til vinnusóknar en **95%** einkabíl.
- Af þeim sem ferðast með einkabíl eru **90%** einir í bílunum
- **35%** ferðast með rafbíl til að sækja vinnu
- Samkvæmt **81%** rafbílaeigenda hafði það að mjög miklu leyti áhrif á að skipta yfir í rafbíl að sækja vinnu um lengri leið

Áhrif á umferð?

- Þegar einstaklingur vinnur heima má áætla að fækki um einn bíl í umferð
- Gróflega má áætla áhrif breytingarinnar á vinnusókn á vegakerfið

	Meðalfjöldi daga sem keyrt var fyrir Covid	Meðalfjöldi daga sem keyrt var eftir Covid
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins		
Vesturland	4,7	4,4
Suðurnes	4,5	4,4
Suðurland	4,4	4,0

- Suðurland sem dæmi: 24% karla á Suðurlandi og 12% kvenna sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins flesta eða alla daga vikunnar. 1.358 karlar og 636 konur eða samtals 1.994 íbúar. Ef meðalfjöldi ferða hjá þessum hópi fækkar úr 4,4 skiptum (fram og til baka) í 4, er það vikuleg fækkun um 1.595 ferðir
- Árdagsumferð (ÁDU) 2022 var 12.500 á veginum frá Hellisheiði inn í borgina. Ef ekki hefði dregið úr vinnusókn má deila 1.595 með 7 sem er 228 og deila því svo yfir vinnuvikur, 44 á ári. Þá má áætla fjölgun í ÁDU um 192 eða að ÁDU væri annars u.þ.b. 12.700. Þá væri umferð 1,6% meiri daglega ef ekki væri fyrir breytingu í vinnusókn

Umræða

- **Lífsgæði fylgja fjarvinnu:** lægri samgöngukostnaður og mikill tímasparnaður
- Vísbendingar um að almenningssamgöngukerfið dugi ekki sem skyldi fyrir fólk sem er að sækja vinnu utan heimabyggðar og því velji margir einkabílinn
- **Frekari rannsókna er þörf** með stærra úrtaki til að áætla heildaráhrif af fjarvinnu á umferð til höfuðborgarsvæðisins og til Akureyrar, en vísbendingar eru um að fjarvinna sé að aukast
- Því gæti dregið eitthvað úr umferð ef að fleiri einstaklingar fara að vinna heima/í heimabyggð einhverja daga í viku
- Sérstaklega verður áhugavert að fylgjast með **áframhaldandi þróun í fjarvinnu** ef fólksfjölgun heldur áfram að vera meiri á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins en á höfuðborgarsvæðinu sjálfu

Takk fyrir!

- saeunn@unak.is
- www.rha.is
- www.unak.is